



Mennta- og menningarmálaráðuneytið  
Sölvhólgötu 4  
101 Reykjavík

Reykjavík, 15. febrúar 2019

**Efni: Umsögn við drög að frumvarpi til laga um breytingu á lögum um fjölmiðla, nr. 38/2011 (stuðningur við öflun og miðlun fréttu, fréttatengds efnis o.fl.).**

Í frumvarpsdrögunum er lagt til komið verði á fót nýju stuðningskerfi fyrir einkarekna fjölmiðla hér á landi vegna kostnaðar sem fellur til við miðlun fréttu, fréttatengds efnis og umfjöllunar um samfélagsleg málefni.

Í stefnu RÚV sem kynnt var árið 2017 kemur fram sú afstaða að mikilvægt sé að á Íslandi dafni fjölbreytt fjölmiðlaflóra með vönduðum einkamiðlum við hlið öflugrar almannþjónustu. Þetta lýtur ekki síst að þeim miklu breytingum sem hafa orðið á umhverfi fjölmiðla og hlutverki þeirra, meðal annars vegna tækniþróunar og framboði erlendra efnisveitna. RÚV hefur að undanförunu aukið samstarf við framleiðendur, fjölmiðla, menningarstofnanir og skapandi greinar. Samhliða hefur áhersla á innlent efni, menningarefni og þjónustu við börn verið aukin. Útvarpsstjóri hefur lýst því yfir að samkeppnin sem við stöndum frammi fyrir sem þjóð sé við erlendar efnisveitur og sú barátta sé fyrir hönd íslenskrar þjóðar, menningar og tungu. RÚV hefur talað fyrir samstarfi fjölmiðla hér á landi í þessu mikilvæga verkefni. Ríkisútvarpið telur jákvætt að stjórnvöld leitist við að veita einkamiðlunum stuðning til að takast á við þessar áskoranir og sinna sínu mikilvæga hlutverki.

Undanfarin misseri hefur það færst í aukana erlendis að fjölmiðlar starfi saman að úrvinnslu fréttu. Þetta hefur sérstaklega verið áberandi þegar unnið er úr miklu magni gagna í kjölfar gagnaleka, sbr. Panamaskjölín. Dæmi eru um sambærilegt samstarf hér á landi, bæði milli einkarekinna miðla, innlendra og erlendra, og samstarf RÚV við einkarekna miðla. Mikilvægt er að þau skilyrði sem verða sett fyrir endurgreiðslu ritstjórnarkostnaðar komi ekki í veg fyrir hugsanlegt samstarf einkarekinna miðla við RÚV eða aðra miðla um fréttavinnslu.


---

**Ríkisútvarpið ohf.**

Efstaleiti 1  
150 Reykjavík  
Sími: 515 3000

Virðingarfyllst,  
f.h. Ríkisútvarpsins ohf.,

[www.ruv.is](http://www.ruv.is)

  
Margrét Magnúsdóttir,  
skrifstofustjóri